

Áhættustefna

1. Inngangur

Áhættustefna Landsvirkjunar setur ramma og meginreglur um áhættustýringu fyrirtækisins. Hún tekur meðal annars til áhættuvilja, ábyrgðarskiptingar og krafna um eftirfylgni, eftirlit og upplýsingagjöf. Stefnan byggir á markmiðum fyrirtækisins og áhættuvilja og lýsir því hvernig áhætta er metin, meðhöndluð og fylgt eftir í starfsemi og ákvarðanatöku.

Stjórn Landsvirkjunar setur áhættustefnu fyrirtækisins, að fenginni tillögu frá forstjóra.

2. Gildissvið

Áhættustefnan á við um móðurfélagið Landsvirkjun og nær til allra þeirra sem starfa fyrir Landsvirkjun. Hún nær ekki til dótturfélaga eða starfsmanna þeirra.

Áhættustefnan varðar öll mikilvægustu ferli fyrirtækisins og nær til allra sviða, starfssvæða og verkefna, eftir því sem við á.

3. Hugtakaskilgreiningar

Áhætta: Möguleg áhrif atburða eða aðstæðna á markmið.

Áhættuvilji: Hversu mikla áhættu fyrirtækið er reiðubúið að taka til að ná markmiðum.

Áhættuviðmið: Viðmið sem notuð eru til að meta og forgangsraða áhættu í samræmi við áhættuvilja.

Aðgerðamörk: Fyrirfram skilgreind mörk sem ákvarða hvenær grípa skal til aðgerða, upplýsa eða taka ákvarðanir vegna áhættu.

Áhættustýring: Kerfisbundin nálgun til að auðkenna, meta, meðhöndla og fylgjast með áhættu.

4. Áhættustefna

Áhættustýring er órjúfanlegur hluti af menningu, stjórnun og daglegum rekstri Landsvirkjunar. Hún styður við upplýsta ákvarðanatöku, verndar verðmæti fyrirtækisins og styrkir getu þess til að ná markmiðum sínum til skemmri og lengri tíma.

Áhættustýring er samþætt allri starfsemi fyrirtækisins og er meðal annars höfð til hliðsjónar við stefnumótun, fjárfestingar, verkefnaval, samningagerð og breytingastjórnun. Við ákvarðanatöku er tekið tillit til viðeigandi áhættumats og skilgreinds áhættuvilja, með hliðsjón af eðli og umfangi mála.

Með markvissri áhættustýringu leitast Landsvirkjun við að draga úr neikvæðum áhrifum áhættu, auka fyrirsjáanleika í rekstri og nýta tækifæri sem felast í starfsemi fyrirtækisins og þróun orkumarkaða.

5. Áhættuvilji

Landsvirkjun gerir sér grein fyrir því að starfseminni fylgir áhætta en leggur kapp á að starfa þannig að öryggi fólks og innviða fyrirtækisins sé tryggt, fjárhagsleg staða fyrirtækisins sé traust, neikvæð umhverfisáhrif lágmarkuð og starfsemin sé í sátt við samfélag.

Fyrirtækið er jafnframt meðvitað um að til þess að það nái markmiðum sínum og nýti tækifæri í breytilegu umhverfi geti upplýst áhættutaka reynst nauðsynleg. Slík áhættutaka skal ávallt byggja á vönduðu mati og vera innan þeirra marka sem lög og leyfi um starfsemina setja. Hún tengist einkum nýsköpun og viðskiptaþróun, fjárfestingum í nýjum orkuvirkjum, nýtingu vinnslukerfis og gerð raforkusamninga.

Nánari útfærsla áhættuvilja er í viðauka A.

6. Innleiðing og ábyrgð

Forstjóri ber ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu Landsvirkjunar og að til staðar séu skilvirk áhættustýringarkerfi og ferli sem styðja við framkvæmd stefnunnar. Hann tryggir að hlutverk og ábyrgð í áhættustýringu séu skýr, að eftirlit með áhættu sé fullnægjandi og að reglubundin yfirsýn sé til staðar yfir helstu áhættuþætti fyrirtækisins og stöðu gagnvart áhættuvilja.

Forstjóri ber jafnframt ábyrgð á að áhættuviðmið og aðgerðamörk, sem byggja á áhættuvilja, séu skilgreind, innleidd og reglubundið endurskoðuð í starfsemi fyrirtækisins.

Hlutverk og ábyrgð í áhættustýringu Landsvirkjunar eru nánar skilgreind í viðauka B.

7. Mælikvarðar

Notaðir eru viðeigandi mælikvarðar til að meta áhættu og virkni áhættustýringar, í samræmi við eðli áhættu, starfsemi fyrirtækisins, skilgreind áhættuviðmið og aðgerðamörk. Mælikvarðar taka meðal annars til lykílahættu og frávika frá skilgreindum viðmiðum og aðgerðamörkum.

Val, útfærsla og notkun mælikvarða eru útfærð nánar í verklagi og eftirfylgni áhættustýringar.

8. Eftirlit

Áhættunefnd stjórnar fer yfir framkvæmd áhættustýringar Landsvirkjunar og rýnir helstu áhættuþætti, þróun þeirra og stöðu gagnvart áhættuvilja.

Endurskoðunarnefnd stjórnar rýnir virkni áhættustýringar og innra eftirlits með sérstakri áherslu á áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og reikningsskil fyrirtækisins.

9. Upplýsingagjöf

Stjórn, áhættunefnd stjórnar og framkvæmdastjórn fá reglulega upplýsingar um helstu áhættuþætti, stöðu gagnvart áhættuvilja og veruleg frávik, í samræmi við reglur um eftirfylgni og skýrslugerð.

Endurskoðunarnefnd stjórnar fær reglulega upplýsingar um áhættu og innra eftirlit sem varðar áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og reikningsskila.

10. Endurskoðun

Stjórn Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

11. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

19. mars 2026

Stjórn Landsvirkjunar

Bygg B.
Lina J. Jónsdóttir
Hönnuð
Berglind Ágústsdóttir

Viðauki A – Áhættuvilji Landsvirkjunar

1. Tilgangur og gildissvið

Áhættuvilji Landsvirkjunar lýsir stefnumótandi afstöðu stjórnar til áhættutöku og skilgreinir hvaða áhættu fyrirtækið er reiðubúið að taka og hvaða áhættu það sættir sig ekki við. Hann er stefnumótandi rammi fyrir áhættutöku og er leiðbeinandi fyrir alla áhættustýringu fyrirtækisins.

Áhættuviljinn er skilgreindur með hliðsjón af eftirfarandi stefnumótandi markmiðum, sem jafnframt mynda uppbyggingu 3. kafla:

- Stefnumótandi þróun og verðmætasköpun
- Traustur fjárhagur
- Afhendingar- og rekstraröryggi
- Öryggi og heilsa starfsfólks, verktaka og almennings
- Umhverfi og samfélagsleg ábyrgð
- Net- og upplýsingaöryggi
- Reglufylgni og heilindi

2. Almenn afstaða til áhættu

Landsvirkjun gerir sér grein fyrir því að starfseminni fylgir áhætta en leggur kapp á að starfa þannig að öryggi fólks og innviða sé tryggt, fjárhagsleg staða fyrirtækisins sé traust, neikvæð umhverfisáhrif lágmörkuð og starfsemin sé í sátt við samfélag. Þessi almenna afstaða er höfð til hliðsjónar við allar stefnumótandi ákvarðanir og mat á verulegri áhættu.

3. Áhættuvilji eftir stefnumótandi markmiðum

3.1 Stefnumótandi þróun og verðmætasköpun

Meðvituð áhættutaka

Stjórn Landsvirkjunar er reiðubúin að taka meðvitaða og upplýsta áhættu þegar hún styður við þróun, verðmætasköpun og samkeppnishæfni, í samræmi við tilgang og hlutverk fyrirtækisins.

Slík áhættutaka beinist einkum að nýsköpun og viðskiptaþróun, fjárfestingum í nýjum orkuvirkjum og tengdum innviðum, erlendum fjárfestingum, nýtingu vinnslukerfis og gerð raforkusamninga.

3.2 Traustur fjárhagur

Varfærin afstaða til áhættu

Stjórn Landsvirkjunar leggur áherslu á stöðuga, fyrirsjáanlega og trausta fjárhagsstöðu og sættir sig ekki við fjárhagslega áhættu sem getur ógnað langtímahagsmunum fyrirtækisins.

Undir fjárhagslega áhættu fellur m.a. lausafjáráhætta, markaðsáhætta og mótaðilaáhætta, og leggur stjórn áherslu á að slíkri áhættu sé stýrt innan skýrra og varfærinna marka.

3.3 Afhendingar- og rekstraröryggi

Mjög varfærin afstaða til áhættu

Stjórn Landsvirkjunar sættir sig ekki við áhættu sem getur valdið verulegri truflun á afhendingaröryggi raforku, ógnað rekstraröryggi virkjana eða dregið úr áreiðanleika mikilvægra innviða fyrirtækisins.

Undir afhendingar- og rekstraröryggi fellur m.a. rekstur og viðhald virkjana og lykilinnviða, öryggi stíflumannvirkja, sem og viðbúnaður og viðbrögð við truflunum, atvikum og váatburðum.

Stb. AM
BA

3.4 Öryggi og heilsa starfsfólks, verktaka og almennings

Áhætta óásættanleg

Stjórn Landsvirkjunar sættir sig ekki við óstýrða áhættu sem getur haft í för með sér lífshættu eða alvarlegt heilsutjón fyrir starfsfólk, verktaka eða almennig.

Stjórn Landsvirkjunar leggur áherslu á að tryggja öruggt og heilnæmt vinnuumhverfi og að tekið sé tillit til bæði líkamlegra og sálfélagslegra þátta.

Öryggi fólks hefur forgang fram yfir önnur sjónarmið við ákvarðanatöku.

3.5 Umhverfi og samfélagsleg ábyrgð

Mjög varfærin afstaða til áhættu

Stjórn Landsvirkjunar leggur áherslu á að forðast áhættu sem gæti haft varanleg eða verulega neikvæð áhrif á umhverfi eða samfélag. Slík áhætta skal ekki tekin nema sýnt sé fram á að hún sé innan lagalegra og leyfisveittra marka og að áhrifum verði markvisst haldið í lágmarki.

Undir umhverfi og samfélagslega ábyrgð fellur m.a. loftslagsáhrif starfseminnar, umhverfisáhrif framkvæmda og reksturs, áhrif á nærsamfélög og hagsmunaaðila, sem og þau atriði sem eru forsenda samfélagslegs leyfis til athafna.

Sjálfbær og ábyrg nýting auðlinda, gagnsæi og virkt samráð eru óaðskiljanlegir þættir í langtíma starfsemi og virðissköpun fyrirtækisins.

3.6 Net- og upplýsingaöryggi

Mjög varfærin afstaða til áhættu

Stjórn Landsvirkjunar sættir sig ekki við áhættu sem leiðir til ófullnægjandi verndar mikilvægra upplýsinga eða upplýsingakerfa fyrirtækisins. Stjórnin leggur sérstaka áherslu á vernd stjórnkerfa, viðkvæmra gagna og stafræns rekstrarumhverfis gegn netógnum og öðrum öryggisatvikum.

3.7 Reglufylgni og heilindi

Áhætta óásættanleg

Stjórn Landsvirkjunar sættir sig ekki við áhættu sem felur í sér vísitandi eða kerfisbundin brot á lögum, reglum, starfsleyfum eða öðrum skilyrðum sem liggja til grundvallar starfsemi fyrirtækisins.

Stjórn Landsvirkjunar sættir sig ekki við áhættu sem felur í sér háttsemi sem stríðir gegn grundvallargildum fyrirtækisins og góðum stjórnarháttum.

4. Notkun áhættuvilja og ábyrgð

Stjórn Landsvirkjunar setur áhættuvilja fyrirtækisins og ber ábyrgð á reglulegri endurskoðun hans.

Forstjóri ber ábyrgð á að innleiða samþykktan áhættuvilja í rekstrarleg viðmið, aðgerðamörk og skilgreind viðbrögð, og tryggja að áhættutaka Landsvirkjunar sé í samræmi við áhættuvilja.

Áhætta skal metin og flokkuð í samræmi við samþykkt áhættuviðmið, aðgerðamörk og áhættufylki fyrirtækisins. Niðurstöður áhættumats liggja til grundvallar ákvörðunum um hvort áhætta sé meðhöndluð í rekstri eða lögð fyrir forstjóra, áhættunefnd og stjórn.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SMB", "BVB", and "BA".

Viðauki B – Hlutverk og ábyrgð í áhættustýringu Landsvirkjunar

Tilgangur

Tilgangur þessa viðauka er að skilgreina skýra ábyrgð, umboð og hlutverk í áhættustýringu Landsvirkjunar. Viðaukinn styður við áhættustefnu fyrirtækisins og tryggir að ábyrgð á áhættustýringu sé ótvíræð, að ákvarðanatöku fari fram á réttum stjórnunarstigum og að eftirlit með áhættu sé markvisst, samræmt og skilvirkt.

Stjórn

Stjórn ber endanlega ábyrgð á áhættustýringu Landsvirkjunar

- Setur áhættustefnu og áhættuvilja fyrirtækisins
- Hefur eftirlit með verulegri áhættu og frávikum frá áhættuvilja
- Tekur kerfisbundið tillit til áhættu við stefnumótandi ákvarðanatöku

Áhættunefnd stjórnar

Áhættunefnd stjórnar starfar í umboði stjórnar og hefur eftirlit með framkvæmd áhættustýringar

- Hefur eftirlit með framkvæmd áhættustýringar og rýnir fyrirkomulag hennar
- Fer yfir helstu áhættuþætti Landsvirkjunar og leggur mat á þróun þeirra og stöðu gagnvart áhættuvilja
- Fjallar um fyrirkomulag neyðarstjórnunar og áætlanir um samfelldan rekstur
- Fjallar um skaða- og ábyrgðatryggingar fyrirtækisins

Endurskoðunarnefnd stjórnar

Endurskoðunarnefnd stjórnar hefur eftirlit með virkni áhættustýringar og innra eftirlits í umboði stjórnar

- Hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar í tengslum við reikningsskilaferlið
- Rýnir hvort til staðar séu fullnægjandi kerfi og ferli sem tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga
- Fjallar um niðurstöður innri og ytri endurskoðunar

Forstjóri

Forstjóri ber heildarábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni áhættustefnu Landsvirkjunar

- Ber heildarábyrgð á innleiðingu áhættustefnu fyrirtækisins
- Tryggir að til staðar séu skilvirk áhættustýringarkerfi og ferlar til stuðnings áhættustefnu
- Tryggir að ábyrgðarsvið þeirra sem koma að áhættustýringu séu skýr
- Tryggir heildstæða yfirsýn yfir áhættu fyrirtækisins og að viðeigandi upplýsingar um helstu áhættu og frávik berist stjórn og stjórnarnefndum tímanlega
- Tryggir að tekið sé tillit til áhættu og áhættuvilja við stefnumótun og meiriháttar ákvarðanir

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn ber sameiginlega ábyrgð á samhæfingu og samþættingu áhættustýringar í ákvarðanatöku

- Er vettvangur samráðs og samhæfingar í málefnum áhættustýringar
- Tryggir að tekið sé tillit til áhættu við mikilvægar ákvarðanir
- Fjallar um og staðfestir áhættuyfirlit, sem eru kynnt stjórn og stjórnarnefndum
- Fjallar um tillögur að breytingum á áhættustefnu og áhættuvilja áður en þær eru lagðar fyrir stjórn

BA
2/10
SH

Stjórnendur

Stjórnendur bera ábyrgð á áhættu á sínu ábyrgðarsviði og teljast eigendur þeirra

- Stuðla að heilbrigðri áhættumenningu á sínu ábyrgðarsviði
- Tryggja virkni áhættustýringar á sínu ábyrgðarsviði
- Greina, meta og skrá áhættu sem fellur undir ábyrgðarsvið þeirra
- Yfirfara og staðreyna réttmæti upplýsinga um áhættu á sínu ábyrgðarsviði
- Bera ábyrgð á viðeigandi viðbrögðum og eftirfylgni
- Vakta framvindu aðgerða vegna áhættu og leggja mat á virkni þeirra

Hugtakið „stjórnendur“ nær til allra sem bera formlega ábyrgð á rekstri, starfsemi eða verkefnum, óháð titli.

Framkvæmdaraðilar aðgerða

Framkvæmdaraðilar bera ábyrgð á framkvæmd samþykktar aðgerða vegna áhættu

- Framkvæma samþykktar aðgerðir vegna áhættu samkvæmt ákvörðun stjórnenda
- Innleiða stýringar og aðrar ráðstafanir innan skilgreindra tímamarka
- Upplýsa stjórnendur um stöðu, frávik og hindranir í framkvæmd

Starfsfólk

Starfsfólk ber ábyrgð á að fylgja samþykktum ferlum og upplýsa um áhættu og frávik í sínu starfsumhverfi

- Tekur þátt í áhættumati eftir því sem við á
- Upplýsir stjórnendur um áhættu, frávik og veikleika í stýringum í sínu starfsumhverfi
- Fylgir samþykktum ferlum, stýringum og verklagi sem varða áhættustýringu

Áhættustjóri

Áhættustjóri ber ábyrgð á ferli, samræmi og yfirsýn áhættustýringar, en ekki á einstaka áhættu

- Þróar, viðheldur og samræmir aðferðafræði, verkfæri og verklag áhættustýringar
- Styður stjórnendur við áhættumat, áhættumeðhöndlun og eftirfylgni
- Tryggir samræmda aðferð við skráningu, rekjanleika og framsetningu upplýsinga um áhættu
- Tekur saman og viðheldur heildaryfirsýn yfir helstu áhættur fyrirtækisins og þróun þeirra
- Metur virkni áhættustýringar og vekur athygli á frávikum, glöppum og veikleikum í ferlum eða stýringum
- Upplýsir forstjóra, framkvæmdastjórn, stjórn og stjórnarnefndir um stöðu áhættu eftir því sem við á

Áhættustjóri veitir sjálfstætt og óháð faglegt mat á áhættu. Hann hefur aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem nauðsynleg eru vegna starfs hans og getur komið málum beint á framfæri við framkvæmdastjórn, stjórn og stjórnarnefndir í samráði við forstjóra.

876
135
BN